



Skattaréttur og reikningsskil

MA nám

hi.is/skattarettur_og_reikningsskil

Um námið


Námið í skattarétti og reikningsskilum er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af Viðskiptafræðideild og Lagadeild. Það miðar að því að veita fræðilega sérmenntun á sviðum er snerta skattamál og reikningsskil. Með þessu þverfaglega samstarfi er verið að mæta þörfum atvinnulífsins um að samtvinna þessi tvö svið, þar sem lagaumgjörð samtvinna þau gjarnan í lagasetningu.

Skipulag námsins

Skipulag námsins er með þeim hætti að boðið er upp á námskeið í íslenskum og alþjóðlegum skattarétti, félagarétti, reikningshaldi, stjórnáskilgreiningu, samstæðureikningsskilum, endurskoðun, ársreikningagerð og greiningu ársreikninga. Hægt er að velja um 90 eða 120 eininga nám. Meistaránám til 120 eininga er lánshæft samkvæmt reglum LÍN.

Að námi loknu

Meistaránám í skattarétti og reikningsskilum miðar að því að veita fræðilega sérmenntun á sviðum er snerta skattamál og reikningsskil og að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum á þessum tveimur sviðum. Að loknu námi getur nemandi sýnt fram á þekkingu á fræðasviði reikningsskila og skattaréttar. Nemandinn skal hafa færni í að beita fræðilegum aðferðum og hæfni til að draga ályktanir af niðurstöðum sínum.



Inntökuskilyrði

Til að innritast í meistaranám í skattarétti og reikningsskilum, þarf umsækjandi að hafa lokið BA prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands, BS/BA prófi frá Viðskiptafræðideild eða Hagfræðideild eða öðru háskólanámi, sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum. Almennt er krafist fyrstu einkunnar (7,25) úr fyrsta háskólaprófi til þess að fá inngöngu í meistaranám.

Lokaritgerð og útskrift

Nemandi útskrifast annað hvort frá Lagadeild eða Viðskiptafræðideild og fer það eftir því í hvorri deildinni meistararitgerðin er skrifuð. Ef leiðbeinandi kemur frá Lagadeild útskrifast nemandinn frá henni, en ef leiðbeinandi kemur frá Viðskiptafræðideild útskrifast nemandinn frá henni. Nemendur verða að kynna sér sérreglur viðkomandi deildar varðandi meistararitgerðir, t.d. skiladag, umfang o.fl.

Lotunám

Meistaranám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf.

Reglur um þverfaglegt meistaranám í skattarétti og reikningsskilum

Vakin er athygli á því, að þar sem um þverfaglegt nám er að ræða og samræma þarf próftöflur tveggja deilda, geta nemendur átt von á því að það séu tvö próf á sama degi og/eða að það séu próf tvo daga í röð.

Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, hi.is/skattarettur_og_reikningsskil

Viðskiptafræðideild

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD